Varasjóður húsnæðismála

# Könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2016

# Samantekt

Könnun Varasjóðs húsnæðismála á stöðu leiguíbúða íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2016 sýnir að við lok ársins voru leiguíbúðir í eigu þeirra alls 5.089. Þetta er 1,9% fjölgun frá fyrra ári, alls voru íbúðirnar 97 fleiri en við lok ársins 2015.

Könnunin sýnir að 27 sveitarfélög alls glímdu um síðustu áramót við rekstrarvanda vegna leiguíbúða, samanborið við 32 sveitarfélög við lok ársins 2015, 26 sveitarfélög við lok ársins 2014, 25 við lok ársins 2013 og 27 við árslok 2012. Sveitarfélögum sem tilgreina rekstrarvanda hefur því fækkað frá fyrra ári og fjöldi þeirra nú nær sá sami og 2012, 2013 og 2014. Athygli vekur að ekkert sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins tilgreindi rekstrarvanda á árinu, 2015 var það aðeins Seltjarnarnesbær sem slíkt gerði og aðeins Hafnarfjarðarkaupstaður árið 2014. Algengast var, sem fyrr, að leigutekjur stæðu ekki undir rekstri sem nefnt var af öllum nema einu af þeim 27 sveitarfélögum sem tilgreindu að þau byggju við rekstrarvanda.

Uppsafnaður rekstrarvandi[1] náði hæstum meðalgildum (5,8) hjá tveimur sveitarfélögum, Sveitarfélaginu Skagaströnd og Norðurþingi. Næst komu Sveitarfélagið Skagafjörður (meðalgildi (5,2) og Ísafjarðarbær (4,8).

Vandkvæði vegna auðra íbúða innan leiguíbúðakerfisins eru að mestu úr sögunni; fyrir 10 árum höfðu um 150 íbúðir verið auðar lengur en sex mánuði en nú ná þær ekki að fylla einn tug.

Þegar spurt var um stöðuna á leigumarkaði sveitarfélaganna kemur ljós að 30 sveitarfélög töldu sig búa við skort eða nokkurn skort á leiguíbúðum. Þá töldu 13 sveitarfélög leigumarkaðinn vera í jafnvægi, þrjú nefndu nokkurt offramboð og eitt nefndi offramboð. Talsverð fjölgun er frá fyrra ári meðal þeirra sveitarfélaga sem nefna skort á félagslegu húsnæði, þ.e. úr sex í 11. Aftur á móti fækkar verulega þeim sveitarfélögum sem telja sig búa við jafnvægi á markaði, eða úr 23 í 13.

Fjöldi umsækjenda á biðlistum sveitarfélaganna var samtals 1.613 sem er áþekk tala og við lok ársins 2015 þegar fjöldinn var 1.688 og 2014 þegar hann var 1.652. Lunginn af umsóknunum er frá einstaklingum (1.070) sem svarar til 66,3% umsóknanna eða einstæðum foreldrum (407). Innan við 10% umsóknanna voru frá hjónum eða sambúðarfólki. Nær 70% umsækjenda á biðlistum var að finna á höfuðborgarsvæðinu. Biðtími eftir íbúð var lengstur, 48 mánuðir hjá Hafnarfjarðarkaupstað, þá 36 mánuðir hjá Reykjavíkurborg og Hveragerðisbæ og 30 mánuðir hjá Akureyrarkaupstað.

Alls hafa 11 sveitarfélög uppi áform um að fjölga leiguíbúðum sínum um samtals 85 íbúðir, ýmist með því að kaupa, byggja eða framleigja íbúðir. Mestu munar um 46 íbúðir sem Reykjavíkurborg

---

[1] Reiknað var meðalgildi mats sveitarfélaganna á vægi fimm þátta rekstrarvandamála: Leigutekjur standi ekki undir rekstri, leiguíbúðir standi auðar, skuldir séu of miklar, offramboð sé á íbúðum eða að rekstrarvandamál séu tengd viðhaldi íbúða. Hæsta mögulega gildi var 10.

hyggst festa kaup á. Alls sex sveitarfélög hafa í hyggju að taka í notkun 121 íbúð á árunum 2017 og 2018. Þarna vegur þyngst hlutur Hafnarfjarðarkaupstaðar þar sem reiknað er með að 28 íbúðir verði teknar í notkun árið 2017 og 45 íbúðir árið 2018, alls 73 íbúðir.

Samtals eru nú átta sveitarfélög með húsnæðisáætlun í gildi. Í þessum hópi er að finna þrjú þau fjölmennustu á landinu, þ.e. Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ og Hafnarfjarðarkaupstað, svo og Akraneskaupstað, Vesturbyggð, Norðurþing, Dalvíkurbyggð og Skútustaðahrepp. Þá segjast samtals 18 sveitarfélög vera með húsnæðisáætlun í vinnslu.

Algengast er að félagsmálanefndum sé falin yfirstjórn húsnæðismála í viðkomandi sveitarfélögum, þetta á við um samtals 23 sveitarfélög. Alls fela svo sex sveitarfélög sérstökum húsnæðisnefndum þetta verkefni. Þá nefndu 25 sveitarfélög einhverja aðra möguleika en þetta tvennt, m.a. sveitarstjóra, bæjarráð, bæjarstjórn eða sveitarstjórn.

Samtals sögðust sjö sveitarfélög vera með rekstrarfélag um útleigustarfsemi á félagslegum leiguíbúðum. Það gera t.d. tvö af fimm stærstu sveitarfélögunum, þ.e. Reykjavíkurborg og Reykjanesbær, og sömuleiðis Garðabær, Ísafjarðarbær og Sveitarfélagið Árborg.

Alls greiða 25 sveitarfélög sérstakar húsaleigubætur til þeirra leigjenda sinna sem búa við erfiðastar aðstæður. Þetta er þremur sveitarfélögum færra en 2015. Sem fyrr greiða öll stærri sveitarfélög á suðvesturhorninu, allt frá Árborg til Borgarbyggðar, sérstakar húsaleigubætur og flest fjölmennari sveitarfélög á landsbyggðinni gera slíkt hið sama. Sveitarfélög sem greiða sérstakar húsaleigubætur áttu alls 4.465, eða 87,7%, allra leiguíbúða sveitarfélaga.

Meðalleigan var hæst á höfuðborgarsvæðinu og á því svæði var hún hæst í Garðabæ, Reykjavík og Seltjarnarneskaupstað. Meðalleiga á fermetra utan höfuðborgarsvæðisins er oftar en ekki um eða undir 1.000 kr. Sé litið til einstakra landshluta var meðalleigan lægst á Vestfjörðum og næstlægst á Norðurlandi eystra og Austurlandi.

Meirihluti sveitarfélaganna, 27 af 48 er svöruðu spurningunni, taldi ástand leiguíbúða sinna ýmist mjög gott eða gott, þar af næstum helmingur, 23 af 48, mjög gott. Á höfuðborgarsvæðinu töldu öll sveitarfélögin nema Seltjarnarnesbær ástandið gott, Seltjarnarnesbær nefndi hvorki gott né slæmt ástand. Fimm sveitarfélög, Borgarbyggð, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Norðurþing og Seyðisfjarðarkaupstaður töldu ástand leiguíbúða sinna slæmt.

Alls tilgreindu sveitarfélögin að 910 íbúðir þörfnuðust viðhalds. Þetta er talsvert hærri tala en sú (719) sem kom fram í könnuninni fyrir árið 2015. Árið 2014 töldu sveitarfélögin aðeins 440 íbúðir vera viðhaldsþurfi. Reykjavíkurborg nefndi hæstu töluna, eða 250 íbúðir, sem þó er lækkun um 50 íbúðir frá fyrra ári.

# Efnisyfirlit

Samantekt ........ 2
Yfirlit um myndir og töflur ........ 5
Inngangur ........ 6
Fjöldi leiguíbúða sveitarfélaganna ........ 6
Auðar íbúðir ........ 11
Húsnæðisáætlanir – áform um fjölgun eða fækkun íbúða ........ 13
Stjórn húsnæðismála ........ 15
Rekstrarvandi sveitarfélaga vegna leiguíbúða ........ 17
Staðan á leigumarkaðnum ........ 18
Fjöldi umsókna um félagslegt leiguhúsnæði, biðlistar og biðtími ........ 19
Ýmsir þættir tengdir rekstri leiguíbúða sveitarfélaganna ........ 24
Leigugjald á fermetra ........ 26
Ákvörðun leiguverðs í félagslegu leiguhúsnæði sveitarfélaganna ........ 27
Ástand og viðhald leiguíbúða sveitarfélaganna ........ 28
Viðauki: Heildaryfirlit yfir fjölda leiguíbúða sveitarfélaganna 2016 og 2015 ........ 30

# Yfirlit um myndir og töflur


Mynd 1: Fjöldi leiguíbúða sveitarfélaga 2006–2016 ... 8
Mynd 2: Breytingar á fjölda leiguíb. sveitarfélaga 2015–2016 (50 fjölm. sveitarfélögin) ... 8
Mynd 3: Fjöldi leiguíbúða 50 fjölmennustu sveitarfélaganna (annarra en Reykjavíkur) ... 9
Mynd 4: Fjöldi leiguíbúða á 100 íbúa 2016 (50 fjölmennustu sveitarfélögin) ... 10
Mynd 5: Íbúðir auðar sex mánuði eða lengur 2004–2016 ... 12
Mynd 6: Íbúðir auðar eitt ár eða lengur 2004–2016 ... 12
Tafla 1: Skipting leiguíbúða sveitarfélaga eftir landshlutum 2016 ... 7
Tafla 2: Húsnæðisáætlanir – húsnæðisþörf þjóðfélagshópa ... 13
Tafla 3: Áform sveitarfélaga um aukið framboð félagslegra leiguíbúða ... 14
Tafla 4: Íbúðir teknar úr notkun – íbúðir seldar.. ... 15
Tafla 5: Stjórn húsnæðismála ... 16
Tafla 6: Vandamál við rekstur leiguíbúða sveitarfélaganna ... 17
Tafla 7: Staðan á leigumarkaði í sveitarfélaginu ... 19
Tafla 8: Umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði 2016 ... 20
Tafla 9: Biðlistar og biðtími eftir félagslegu húsnæði við árslok 2016 ... 21
Tafla 10: Umsóknir og biðlistar eftir landshlutum, 2013-2016 ... 22
Tafla 11: Meðalbiðtími eftir félagslegu húsnæði við árslok 2014, 2015 og 2016 ... 23
Tafla 12: Fjöldi íbúða sem sveitarfélögin leigja af öðrum ... 24
Tafla 13: Rekstrarfélög – sérstakar húsaleigubætur ... 25
Tafla 14: Meðalleigugjald á fermetra í leiguíbúðum sveitarfélaga 2016 ... 26
Tafla 15: Ákvörðun leiguverðs félagslegs húsnæðis ... 27-28
Tafla 16: Ástand og viðhaldsþörf leiguíbúða sveitarfélaganna ... 28-29

# Inngangur

Í samvinnu við velferðarráðuneytið og forvera þess hefur Varasjóður húsnæðismála frá árinu 2004 annast árlega könnun á stöðu leiguíbúðamála hjá sveitarfélögunum í landinu við lok undangengins árs. Könnunin nú er einnig unnin í nánu samstarfi við Íbúðalánasjóð sem mun taka að sér framkvæmd hennar í framhaldinu. Tilgangur könnunarinnar er að fylgjast með framvindu og breytingum á stöðu leiguíbúða og koma þær upplýsingar sem aflað er m.a. að notum við stefnumótun stjórnvalda í húsnæðismálum.

Í mars 2017 voru öll 74 sveitarfélögin á landinu beðin að svara rafrænum spurningalista um stöðu leiguíbúða á sínum vegum við lok ársins 2016. Svarfrestur rann út 22. mars og bárust svör frá 63 sveitarfélögum, eða 85,1% þeirra. Svör bárust ekki frá 11 sveitarfélögum. Alls bjuggu 98,2% landsmanna í þeim sveitarfélögum sem svör bárust frá. Fyrir árið 2015 voru það fimm sveitarfélög sem ekki svöruðu könnuninni og 11 sveitarfélög fyrir árið 2014. Svarhlutfall var 99,8% í könnun ársins 2015.

Sveitarfélögin 11, sem ekki svöruðu að þessu sinni, voru þessi (í stærðarröð): Sveitarfélagið Ölfus, Rangárþing ytra, Þingeyjarsveit, Hörgársveit, Ásahreppur, Tálknafjarðarhreppur, Kjósarhreppur, Akrahreppur, Eyja- og Miklaholtshreppur, Skagabyggð og Árneshreppur. Sjö þessara 11 sveitarfélaga áttu engar leiguíbúðir samkvæmt könnun ársins á undan. Af þeim 11 sveitarfélögum sem svöruðu ekki að þessu sinni svöruðu tvö heldur ekki könnun ársins 2015, þ.e. Skagabyggð og Svalbarðshreppur.

# Fjöldi leiguíbúða sveitarfélaganna

Frá og með könnun ársins 2012 hefur verið spurt ítarlegar en áður um skiptingu leiguíbúðaforða sveitarfélaganna í félagslegar leiguíbúðir, íbúðir fyrir aldraða eða fólk með fötlun eða hvort um væri að ræða íbúðir af öðru tagi en þessu þrennu. Frá og með könnun ársins 2014 er greint milli íbúða fyrir aldraða og íbúða fyrir fatlaða. Þá var að þessu sinni í annað sinn spurt um fyrirkomulag yfirstjórnar húsnæðismála hjá sveitarfélögunum og einnig um það hvort söluverð íbúða sem sveitarfélögin hefðu selt árið 2016 hefði dugað til að greiða upp áhvílandi lán á viðkomandi íbúð.

Tafla 1 sýnir skiptingu leiguíbúða sveitarfélaganna við lok ársins 2016 eftir landshlutum.

| Tafla 1<br>Skipting leiguíbúða sveitarfélaga eftir landshlutum 2016 | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Reykja-vík** | **Krag-inn** | **Suður-nes** | **Vestur-land** | **Vest-firðir** | **Norður-land vestra** | **Norður-land eystra** | **Austur-land** | **Suður-land** | **Allt landið** |
| Félagslegar leiguíbúðir | 1.926 | 586 | 206 | 84 | 120 | 105 | 288 | 114 | 133 | 3.562 |
| Leiguíbúðir aldraðra | 379 | 108 | 90 | 37 | 34 | 42 | 55 | 112 | 92 | 949 |
| Leiguíbúðir fatlaðra | 140 | 60 | 7 | 6 | 5 | 11 | 87 | 20 | 11 | 347 |
| Aðrar leiguíbúðir | 0 | 8 | 1 | 8 | 25 | 36 | 80 | 20 | 53 | 231 |
| Samtals | **2.445** | **762** | **304** | **135** | **184** | **194** | **510** | **266** | **289** | **5.089** |
| Breyting frá 2015 | 119 | -4 | 10 | -11 | -37 | -13 | 35 | -19 | 17 | 97 |
| **Hlutfallstölur:** | | | | | | | | | | |
| Félagslegar leiguíbúðir | 78,8% | 76,9% | 67,8% | 62,2% | 65,2% | 54,1% | 56,5% | 42,9% | 46,0% | 70,0% |
| Leiguíbúðir aldraðra | 15,5% | 14,2% | 29,6% | 27,4% | 18,5% | 21,6% | 10,8% | 42,1% | 31,8% | 18,6% |
| Leiguíbúðir fatlaðra | 5,7% | 7,9% | 2,3% | 4,4% | 2,7% | 5,7% | 17,1% | 7,5% | 3,8% | 6,8% |
| Aðrar leiguíbúðir | 0,0% | 1,0% | 0,3% | 5,9% | 13,6% | 18,6% | 15,7% | 7,5% | 18,3% | 4,5% |
| Samtals | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** | **100%** |
| **Breyting frá 2015** | 4,9% | -0,5% | 3,3% | -8,1% | -20,1% | -6,7% | 6,9% | -7,1% | 5,9% | 1,9% |

Af þessum 5.089 leiguíbúðum reyndust um 950 íbúðir ætlaðar öldruðum, um 350 íbúðir vera fyrir fatlaða og tæpar 250 flokkaðar sem íbúðir af öðru tagi en félagslegar leiguíbúðir. Hlutfall íbúða fyrir aldraða er misjafnt eftir landshlutum, hæst var það á Austurlandi, ríflega 40% alls húsnæðis austfirskra sveitarfélaga, en lægst á Norðurlandi eystra. Þar var hlutfall íbúða fyrir fatlaða aftur á móti hæst, en lægst á Suðurnesjum og Vestfjörðum. Hlutfallslega fjölgaði leiguíbúðum mest á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og í Reykjavík, en fækkaði áberandi mest á Vestfjörðum. Heildarskipting leiguíbúða sveitarfélaga landsins er sýnd í töflu í viðauka þessarar skýrslu.

Heildarfjölda leiguíbúða sveitarfélaganna árin 2006–2016 má sjá á mynd 1 á næstu síðu. Milli áranna 2015 og 2016 fjölgaði íbúðunum úr 4.992 í 5.089, eða um 97 íbúðir sem svarar til 1,9% fjölgunar.




Mynd 2 sýnir þróunina í 50 fjölmennustu sveitarfélögunum, þ.e. hve mikið íbúðum fjölgaði eða fækkaði milli áranna 2015 og 2016.[2]




Fremur litlar breytingar urðu milli áranna 2015 og 2016, fjölgun íbúða varð langmest í Reykjavík, en því næst á Akureyri. Mynd 3 hér á eftir sýnir svo fjölda leiguíbúða í 50 fjölmennustu sveitarfélögunum öðrum en Reykjavík og á mynd 4 má sjá fjölda leiguíbúða á hverja 100 íbúa í 50 stærstu sveitarfélögunum.

[2] Til hægðarauka við gerð skýringarmyndarinnar hér að ofan var þeim sveitarfélögum úr hópi þeirra 50 fjölmennustu, þar sem engar breytingar urðu milli ára, sleppt.



Mynd 3
Fjöldi leiguíbúða í 50 fjölmennustu sveitarfélögunum 2016
(öðrum en Reykjavík)
450
400
350
300
250
200
150
100
50
0
436
16
35
245
30
238
35
16
15
0
27
0
23
18
25
32
10
0
129
22
70
53
38
33
336
55
53
20
14
0
13
0
19
66
29
60
44
56
99
9
17
23
18
18
8
0
22
16
0
Kópavogsbær
Seltjarnarneskaupstaður
Garðabær
Hafnarfjarðarkaupstaður
Mosfellsbær
Reykjanesbær
Grindavíkurbær
Sandgerðisbær
Sveitarfélagið Garður
Sveitarfélagið Vogar
Akranes
Hvalfjarðarsveit
Borgarbyggð
Grundarfjarðarbær
Stykkishólmsbær
Snæfellsbær
Dalabyggð
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Vesturbyggð
Sveitarfélagið Skagafjörður
Húnaþing vestra
Blönduósbær
Sveitarfélagið Skagaströnd
Akureyrarkaupstaður
Norðurþing
Fjallabyggð
Dalvíkurbyggð
Eyjafjarðarsveit
Hörgársveit
Þingeyjarsveit
Langanesbyggð
Seyðisfjarðarkaupstaður
Fjarðabyggð
Vopnafjarðarhreppur
Fljótsdalshérað
Sveitarfélagið Hornafjörður
Vestmannaeyjabær
Sveitarfélagið Árborg
Mýrdalshreppur
Skaftárhreppur
Rangárþing eystra
Rangárþing ytra
Hrunamannahreppur
Hveragerðisbær
Grímsnes- og Grafningshreppur
Sveitarfélagið Ölfus
Bláskógabyggð
Flóahreppur

**Mynd 4**

**Fjöldi leiguíbúða á 100 íbúa árið 2016**

**(í 50 fjölmennustu sveitarfélögunum)**



Mynd 3 sýnir fjölda leiguíbúða 50 fjölmennustu sveitarfélaganna annarra en Reykjavíkur (sem átti alls 2.445 leiguíbúðir, eða 48% allra leiguíbúða sveitarfélaga á landinu). Fjögur sveitarfélög, Kópavogsbær, Akureyrarkaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður og Reykjanesbær standa hvert um sig að rekstri fleiri en 200 íbúða. Næst kemur Ísafjarðarbær með 129 íbúðir, Sveitarfélagið Árborg með 99 íbúðir, Sveitarfélagið Skagafjörður með 70 íbúðir, Fjarðabyggð með 66 íbúðir, Fljótsdalshérað með 60 íbúðir og Vestmannaeyjabær með 56 íbúðir. Önnur sveitarfélög sem eiga fleiri en 50 leiguíbúðir eru Húnaþing vestra (53), Norðurþing (53) og Fjallabyggð (53). Nokkur af fjölmennari sveitarfélögum landsins, svo sem Garðabær, Mosfellsbær og Akraneskaupstaður, eru á hinn bóginn með fremur fáar íbúðir í rekstri, eða aðeins um 30–40 íbúðir hvert þeirra.

Hlutfallsleg stærð leiguíbúðakerfa sveitarfélaganna sést betur á mynd 4 sem sýnir fjölda leiguíbúða á hverja 100 íbúa í 50 stærstu sveitarfélögunum. Minni sveitarfélög með tiltölulega margar leiguíbúðir í rekstri eru fjögur: Sveitarfélagið Skagaströnd, Vopnafjarðarhreppur, Húnaþing vestra og Blönduósbær. Þrjú þessara fjögurra sveitarfélaga er að finna á Norðurlandi vestra. Greinilega sést að hlutfallslegur fjöldi leiguíbúða er meiri hjá minni sveitarfélögunum og ber hæst áðurnefnd fjögur sveitarfélög. Önnur sveitarfélög sem eiga fleiri en tvær íbúðir fyrir hverja 100 íbúa eru Grundarfjarðarbær, Stykkishólmsbær, Ísafjarðarbær, Vesturbyggð, Fjallabyggð, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Hrunamannahreppur og Sveitarfélagið Ölfus. Reykjavíkurborg liggur rétt undir þessu viðmiði, með 1,99 íbúð á hverja 100 íbúa.

Af einstökum landshlutum var hlutfall leiguíbúða sveitarfélaga á hverja 100 íbúa hæst á Norðurlandi vestra (2,70) og Vestfjörðum (2,68) en lægst í Kraganum (0,81) og á Vesturlandi (0,85). Meðaltal fyrir landið í heild var 1,51.

## Auðar íbúðir

Um miðjan síðasta áratug náði fjöldi auðra íbúða hámarki og var fjöldinn á þeim tíma einkum bundinn við tvö til þrjú sveitarfélög á Vestfjörðum. Strax árið 2007 fækkaði auðum íbúðum þó verulega á Vestfjörðum og þar með lækkuðu heildartölurnar á landsvísu umtalsvert. Um þetta var spurt í 10. spurningu könnunarinnnar.

Á mynd 5 sést að íbúðum sem staðið höfðu auðar 7–12 mánuði fækkaði einnig verulega frá og með árinu 2012 og hafa þær varla náð einum tug sl. þrjú ár.




Glöggt má sjá að vandkvæði vegna auðra íbúða innan leiguíbúðakerfisins eru nú sem næst úr sögunni. Fyrir 10–12 árum höfðu yfir hundrað íbúðir verið auðar í 7–12 mánuði, en nú orðið má telja fjölda þeirra á fingrum sér. Auðar íbúðir, 7–12 mánuði árið 2016, voru aðeins sjö talsins, voru níu árið 2015.

Mynd 6 sýnir þróunina frá 2004 ef miðað er við íbúðir sem hafa verið auðar eitt ár eða lengur.




Þróunin hefur sem sjá má lengst af verið á þann veg að auðum íbúðum hefur fækkað, með árið 2011 sem skýra undantekningu. Lítils háttar fjölgun varð þó 2015, en árið 2016 voru aftur á móti aðeins tvær íbúðir á landinu auðar þetta lengi.

## Húsnæðisáætlanir – áform um fjölgun eða fækkun íbúða

Í spurningum nr. 5–7 var spurt hvort í gildi væri húsnæðisáætlun hjá sveitarfélaginu, hvort slík áætlun væri í vinnslu, hver væri gildistími hennar og hver húsnæðisþöfin væri hjá mismunandi þjóðfélagshópum. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 2.

**Tafla 2**
**Húsnæðisáætlanir – húsnæðisþörf þjóðfélagshópa**

| | Er húsnæðisáætlun í gildi? | | Áætluð húsnæðisþörf fyrir eftirtalda hópa er (fjöldi íbúða): | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Já/Nei** | **Í vinnslu** | **Húsnæðis-áætlun gildir til ársins:** | **Fyrir náms-menn** | **Þjónustu-íb. aldraða** | **Fyrir öryrkja og fatlaða** | **Fél. hús-næði skv. tekju og eigna-mörkum** | **Samtals** |
| Reykjavíkurborg | Já | | 2020 | 0 | 64 | 195 | 625 | 884 |
| Kópavogskaupstaður | Já | | | | | | | |
| Seltjarnarnesbær | | í vinnslu | | | | | | |
| Garðabær | | í vinnslu | | | | | | |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Já | í vinnslu | 2020 | 0 | 10 | 59 | 175 | 244 |
| Mosfellsbær | | í vinnslu | | | | | | |
| Sandgerðisbær | | í vinnslu | | | | | | |
| Svf. Garður | Nei | í vinnslu | | | | | | |
| Akraneskaupst. | Já | Í vinnslu | 2021 | | | | | |
| Borgarbyggð | | í vinnslu | | | | | | |
| Dalabyggð | Nei | í vinnslu | | | | | | |
| Ísafjarðarbær | | í vinnslu | | | | | | |
| Vesturbyggð | Já | í vinnslu | 2019 | 0 | 8 | 2 | 6 | 16 |
| Akureyrarkaupstaður | | í vinnslu | | | 23 | 79 | 228 | 330 |
| Norðurþing | Já | í vinnslu | 2018 | 0 | 0 | 5 | 23 | 28 |
| Dalvíkurbyggð | Já | | 2023 | 0 | 2 | 1 | 8 | 11 |
| Grýtubakkahreppur | | í vinnslu | | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Skútustaðahreppur | Já | í vinnslu | 2018 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | Nei | í vinnslu | | | | | | |
| Breiðdalshreppur | | í vinnslu | | | | | | |
| Hrunamannahr. | | í vinnslu | | | 2 | 1 | 2 | 5 |
| **Samtals** | **8** | **18** | | **0** | **109** | **342** | **1068** | **1519** |

Samtals eru nú átta sveitarfélög með húsnæðisáætlun í gildi. Í þessum hópi er að finna þrjú þau fjölmennustu á landinu, þ.e. Reykjavíkurborg, Kópavogsbæ og Hafnarfjarðarkaupstað, svo og Akraneskaupstað, Vesturbyggð, Norðurþing, Dalvíkurbyggð og Skútustaðahrepp. Þá segjast samtals 18 sveitarfélög vera með húsnæðisáætlun í vinnslu og er hér um að ræða nýja spurningu í könnuninni. Sjö sveitarfélög tilgreina gildistíma húsnæðisáætlana sinna. Algengast er að áætlanirnar gildi til 2018–2020 en eitt sveitarfélag, Dalvíkurbyggð, hefur gert húsnæðisáætlun til ársins 2023.

Spurning um áætlaða húsnæðisþörf þjóðfélagshópa er ný í þessarri könnun. Alls tilgreina átta sveitarfélög þann íbúðafjölda sem þau telja vera þörf á að bæta við leigumarkað í sveitarfélaginu. Reykjavíkurborg telur þessa þörf nema næstum 900 íbúðum, Akureyrarkaupstaður tilgreinir þörf fyrir 330 íbúðir og Hafnarfjarðarkaupstaður tilgreinir þörf fyrir nær 250 íbúðir. Önnur sveitarfélög nefna mun lægri tölur. Athygli vekur að ekkert sveitarfélag tilgreinir þörf fyrir námsmannaíbúðir. Nefnd er þörf fyrir rúmlega 100 þjónustuíbúðir fyrir aldraða og um 350 íbúðir fyrir öryrkja og fatlaða. Mest er þörfin þó fyrir íbúðir fyrir almenna umsækjendur sem uppfylla tekju- og eignaviðmið, alls um 1.070 íbúðir.

Í spurningum 12 og 13 var spurt um áform sveitarfélaganna um að auka framboð íbúða á árinu 2017 og hvernig það yrði gert, þ.e. með því að framleigja íbúðir leigðar af öðrum aðila, kaupa íbúðir eða byggja nýtt húsnæði. Loks var í spurningu 14 leitað svara við því hversu margar nýjar íbúðir yrðu teknar í notkun á árunum 2017 og 2018. Svör við þessum spurningum eru dregin saman í töflu 3.

**Tafla 3**
**Áform sveitarfélaga um aukið framboð félagslegra leiguíbúða**

| | Hyggst svf. auka framboð fél. leiguíb. 2017? | Sveitarfélagið ætlar að auka framboð á félagslegum leiguíbúðum með því að: | | | | Hve margar fél. leiguíb. sem eru í byggingu verða teknar í notkun á árunum 2017 og 2018? | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Já/Nei[3]** | **Leigja af öðrum** | **Kaupa** | **Byggja** | **Aukning alls** | **Teknar í notkun 2017** | **Teknar í notkun 2018** | **Samtals 2017 og 2018** |
| Reykjavíkurborg | Já | 0 | 46 | 0 | 46 | 0 | 12 | 12 |
| Seltjarnarnesbær | (Lengra svar) | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| Garðabær | Já | 0 | 0 | 6 | 6 | 7 | | 7 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Já | 0 | 6 | 0 | 6 | 28 | 45 | 73 |
| Reykjanesbær | Já | 0 | 0 | 6 | 6 | 6 | 6 | 12 |
| Sandgerðisbær | (Lengra svar) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Ísafjarðarbær | (Lengra svar) | 0 | 0 | 6 | 6 | 0 | 6 | 6 |
| Súðavíkurhreppur | (Lengra svar) | 2 | 0 | 0 | 2 | | | 0 |
| Svf. Skagafjörður | Nei | 1 | 0 | 0 | 1 | | | 0 |
| Fljótsdalshreppur | (Lengra svar) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Svf. Hornafjörður | Já | 0 | 0 | 5 | 5 | 5 | 0 | 5 |
| Mýrdalshreppur | Já | 0 | 0 | 4 | 4 | 4 | 0 | 4 |
| Hrunamannahreppur | Í skoðun | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skeiða- og Gnúpverjahr. | Já | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | | 0 |
| **Samtals** | | **3** | **53** | **29** | **85** | **51** | **70** | **121** |

Alls hafa 11 sveitarfélög uppi áform um að fjölga leiguíbúðum sínum um samtals 85 íbúðir, ýmist með því að kaupa, byggja eða framleigja íbúðir. Mestu munar um 46 íbúðir sem Reykjavíkurborg hyggst festa kaup á. Alls hyggjast sex sveitarfélög taka í notkun 121 íbúð á árunum 2017 og 2018. Þarna á einkum í hlut Hafnarfjarðarkaupstaður sem hyggst taka í notkun 28 íbúðir árið 2017 og 45 íbúðir á árinu 2018, alls 73 íbúðir.

Í spurningum 15–19 var leitað svara um breytingar sem miðuðu að fækkun leiguíbúða sveitarfélaganna á næstunni og hvort söluverð íbúða hefði dugað til að greiða upp áhvílandi lán. Svörin eru dregin saman í töflu 4.

[3] Lengri svör um áform um meira framboð leiguíbúða: ***Seltjarnarnesbær:*** Í skoðun, sótt um vegna almennra leiguíbúa. ***Sandgerðisbær:*** Stefnt að auknu framboði 2017 eða 2018. ***Ísafjarðarbær:*** Sótt um stofnframlag hjá ÍLS, ef jákvætt svar þá hefst bygging sex fél. íb. 2017, teknar í notkun 2018. ***Súðavíkurhreppur:*** Í umræðu. ***Fljótsdalshreppur:*** Í skoðun að endurbyggja hluta íbúða, en einnig selja íbúðir.

**Tafla 4**
**Íbúðir teknar úr notkun – íbúðir seldar**

| | Sveitarfélagið tók úr notkun félagslegt leiguhúsnæði á árinu 2016 vegna: | | | | | Sala félagslegra íbúða 2016 og 2017: | | | Greiddist áhvílandi lán upp með söluverðinu? | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lítillar eftir-spurnar | Við-halds | Niður-rifs | Annað ótil-greint | Samtals | Seldar íbúðir 2016 | Áætlað að selja á árinu 2017 | Sam-tals 2016 og 2017 | Fjöldi íb. þar sem söluverð greiddi upp áhvílandi lán | Fjöldi íb. þar sem söluverð greiddi ekki upp áhvílandi lán | Tap svf. af sölu fél. húsnæðis þegar söluverð greiddi ekki áhvílandi lán? |
| Kópavogsbær | | | | 2 | 2 | 2 | 1 | 3 | 0 | 0 | 0 |
| Seltjarnarneskaupstaður | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 |
| Reykjanesbær | | | | | | 5 | 57 | 62 | 5 | 0 | 0 |
| Sveitarfélagið Garður | | 2 | | | 2 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 |
| Borgarbyggð | | | | | | 1 | | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Ísafjarðarbær | | | | | | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 3.863.205 |
| Svf. Skagafjörður | 0 | 18 | 0 | 0 | 18 | 9 | 2 | 11 | 9 | 0 | 0 |
| Blönduósbær | | | | | | 2 | 1 | 3 | 2 | 0 | 0 |
| Svf. Skagaströnd | | | | | | 1 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 |
| Fjallabyggð | | | | | | 1 | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 |
| Dalvíkurbyggð | | | | | | 8 | 5 | 13 | 0 | 8 | 19.185.275 |
| Fjarðabyggð | | 2 | | | 2 | | | | | | |
| Fljótsdalshérað | | 1 | | | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 5.000.000 |
| Vestmannaeyjabær | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 |
| Skaftárhreppur | 1 | | | | 1 | | | | | | |
| **Samtals** | **1** | **24** | **0** | **3** | **28** | **35** | **68** | **103** | **19** | **10** | **28.048.480** |

Samtals 28 íbúðir voru teknar úr notkun hjá átta sveitarfélögum árið 2016; langflestar (18) í Sveitarfélaginu Skagafirði. Af þessum 28 íbúðum voru flestar (24) teknar úr notkun vegna viðhalds, ein vegna lítillar eftirspurnar og þrjár af ótilgreindum ástæðum. Engar íbúðir voru teknar úr notkun vegna niðurrifs.

Sveitarfélögin hafa selt eða hyggjast selja 103 íbúðir á árunum 2016 og 2017; 35 voru seldar árið 2016 og 68 eru í sölu árið 2017. Mest munar um 57 íbúðir sem Reykjanesbær ætlar að selja árið 2017, níu íbúðir sem Sveitarfélagið Skagafjörður seldi 2016 og átta íbúðir sem Dalvíkurbyggð seldi á því ári.

Nú var öðru sinni spurt hvort söluverð íbúðanna hefði dugað til að greiða upp áhvílandi lán á þeim íbúðum sem seldar voru árið 2016. Sú var raunin með 19 íbúðir en í 10 tilvikum reyndist svo ekki vera. Ný spurning um tap sveitarfélaganna kallaði fram svör hjá þremur sveitarfélögum; Dalvíkurbyggð nefndi í þessu sambandi langhæstu töluna, rúmar 19 milljónir króna.

# Stjórn húsnæðismála

Í 7. spurningu spurningalistans var spurt hvernig stjórnsýslu húsnæðismála í viðkomandi sveitarfélagi væri háttað.

Yfirlit yfir svör sveitarfélaganna má sjá í töflu 5.

| Tafla 5 – Stjórn húsnæðismála | | | |
|---|---|---|---|
| **6** | **Húsnæðisnefnd fer með stjórn húsnæðismála** | **Félagsmálanefnd hefur umsjón með húsnæðismálum** | **Annað (vinsamlegast tilgreinið):** |
| Reykjavíkurborg | | | Félagsbústaðir fara með rekstur, eignarhald og útleigu á húsnæði, velferðasvið fer með úthlutun húsnæðis |
| Kópavogsbær | | Já | Meðhöndlun félagslegra leiguíbúða hjá bænum er þannig háttað að velferðarsvið sér um úthlutun íbúða og samskipti við leigendur. Umhverfissvið hefur umsjón með viðhaldi og standsetningu íbúða en allt sem viðkemur fjármálum (innheimta leigu, reikningshald) er hjá fjármáladeild bæjarins |
| Seltjarnarneskaupstaður | | Já | |
| Garðabær | | Já | |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | | Já | |
| Mosfellsbær | | | Fjölskyldunefnd |
| Reykjanesbær | Já | | |
| Grindavíkurbær | | Já | |
| Sandgerðisbær | | Já | |
| Sveitarfélagið Garður | | Já | |
| Borgarbyggð | | | Velferðarnefnd fer með verkefni húsnæðisnefndar |
| Grundarfjarðarbær | Já | | |
| Stykkishólmsbær | Já | | |
| Snæfellsbær | | | Þjónustufulltrúi og velferðarnefnd fara með stjórn húsnæðismála |
| Dalabyggð | | Já | |
| Ísafjarðarbær | | | Allt leiguhúsnæði sveitarfélagsins er í félaginu Fasteignir Ísafjarðarbæjar, aðilar fá forgang eftir ákvörðun fjölskyldusviðs |
| Reykhólahreppur | Já | | |
| Vesturbyggð | | Já | |
| Strandabyggð | | | Sveitarstjórn úthlutar íbúðum eftir tillögum félagsmálastjóra |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | | | Úthlutun húsnæðis er á höndum félagsmálastjóra og félagsráðgjafa – byggðaráð stýrir eignasjóði og ákveður gjaldskrá leigu, viðhald, kaup og sölu eigna |
| Húnaþing vestra | | Já | |
| Blönduósbær | | | Byggðaráð |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | Já | | |
| Akureyrarkaupstaður | | Já | |
| Norðurþing | | | Félagsmálanefnd fer með umsjón félagslegra íbúða, en framkvæmdasvið með umsjón almennra leiguíbúða |
| Fjallabyggð | | Já | |
| Dalvíkurbyggð | | | Húsnæðismál heyra undir fjármála- og stjórnsýslusvið |
| Eyjafjarðarsveit | | Já | |
| Svalbarðsstrandarhreppur | | | Sveitarstjórn sér um húsnæðismál |
| Grýtubakkahreppur | | | Sveitarstjórn |
| Skútustaðahreppur | | | Atvinnumálanefnd |
| Svalbarðshreppur | | | Stöku ákvarðanir sveitastjórnar |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | | | Bæjarráð |
| Fjarðabyggð | | | Starfsmaður framkvæmda- og umhverfissviðs sér um félagslegu íbúðirnar |
| Vopnafjarðarhreppur | | Já | |
| Fljótsdalshreppur | | | Sveitarstjórn fer með þessi málefni |
| Borgarfjarðarhreppur | | | Þetta er mál hreppsnefndar |
| Breiðdalshreppur | | Já | |
| Djúpavogshreppur | Já | | |
| Fljótsdalshérað | | Já | |
| Svf. Hornafjörður | | Já | |
| Vestmannaeyjabær | | Já | Fjölskyldu -og tómstundaráð fer með húsnæðismál en starfsmenn sviðsins úthuta íbúðum án aðkomu nefndarinnar |
| Sveitarfélagið Árborg | | Já | |
| Mýrdalshreppur | | Já | Í samstarfi við sveitarsjtórn |
| Skaftárhreppur | | Já | Sveitarstjóri sér um úthlutun annarra leiguíbúða en félagslegra |
| Rangárþing eystra | | Já | |
| Hrunamannahreppur | | | Sveitarstjórn |
| Hveragerðisbær | | Já | |
| Skeiða- og Gnúpverjahr. | | | Sveitarstjórn hefur þau mál á sínum snærum |
| Bláskógabyggð | | | Farið er eftir úthlutunarreglum |
| **Samtals** | **6** | **23** | **25** |

Algengast er að félagsmálanefndum sé falin yfirstjórn húsnæðismála í viðkomandi sveitarfélögum, þetta á við um 23 sveitarfélög. Alls fela svo sex sveitarfélög sérstökum húsnæðisnefndum þetta verkefni. Þá nefndu 25 sveitarfélög eitthvað annað en þetta tvennt, sums staðar fer sveitarstjóri, bæjarráð, bæjarstjórn eða sveitarstjórn með stjórn málaflokksins, sums staðar eru velferðarnefndir eða velferðarsvið nefndar og einnig eru atvinnumálanefnd og byggðaráð nefnd til sögunnar.

# Rekstrarvandi sveitarfélaganna vegna leiguíbúða

Í 20. spurningu könnunarinnar var spurt hvort sveitarfélögin ættu við rekstrarvanda að stríða og í 21. spurningu voru svarendur beðnir að leggja mat á rekstrarvanda sveitarfélagsins væri hann fyrir hendi.

Þetta var orðað svo: „Vinsamlegast leggið mat á, með tölu á bilinu frá 0 til 10, með hvaða hætti eftirfarandi fullyrðingar skýra rekstrarvanda sveitarfélagsins vegna reksturs á félagslegum leiguíbúðum. Þar sem 0 stendur fyrir: Skýrir á engan hátt rekstrarvanda og 10 stendur fyrir: Skýrir allan rekstrarvanda."

**Tafla 6**
**Vandamál við rekstur leiguíbúða sveitarfélaganna**

| | Leigutekjur standa ekki undir rekstri | Leiguíbúðir standa auðar | Of miklar skuldir | Offramboð á íbúðum | Viðhald | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | ***Skýringar-gildi*** | ***Skýringar-gildi*** | ***Skýringar-gildi*** | ***Skýringar-gildi*** | ***Skýringar-gildi*** | ***Skýringar-gildi*** |
| Reykjanesbær | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | **2,0** |
| Grindavíkurbær | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | **2,0** |
| Sandgerðisbær | 5 | 0 | 5 | 0 | 0 | **2,0** |
| Grundarfjarðarbær | 7 | | 8 | | | **3,0** |
| Stykkishólmsbær | 4 | 0 | 6 | 0 | 6 | **3,2** |
| Snæfellsbær | | | | | 10 | **2,0** |
| Ísafjarðarbær | 10 | 0 | 10 | 0 | 3 | **4,6** |
| Reykhólahreppur | 10 | 0 | 0 | 0 | 5 | **3,0** |
| Vesturbyggð | 10 | | | | | **2,0** |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 8 | 4 | 7 | 0 | 7 | **5,2** |
| Húnaþing vestra | 10 | 0 | 5 | 0 | 4 | **3,8** |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 8 | 5 | 6 | 2 | 8 | **5,8** |
| Norðurþing | 10 | 0 | 5 | 5 | 9 | **5,8** |
| Fjallabyggð | 2 | 4 | 2 | | 2 | **2,0** |
| Dalvíkurbyggð | 9 | 0 | 3 | 0 | 5 | **3,4** |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 2 | 0 | 8 | 0 | 8 | **3,6** |
| Fljótsdalshreppur | 2 | | | | 1 | **0,6** |
| Djúpavogshreppur | 10 | 0 | 10 | 0 | 0 | **4,0** |
| Fljótsdalshérað | 6 | 2 | 3 | 0 | 3 | **2,8** |
| Breiðdalshreppur | 4 | 0 | 5 | 0 | 10 | **3,8** |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | 6 | 0 | 6 | 0 | 8 | **4,0** |
| Vestmannaeyjabær | 5 | 2 | 8 | 0 | 5 | **4,0** |
| Sveitarfélagið Árborg | 8 | 0 | 3 | 0 | 5 | **3,2** |
| Skaftárhreppur | 10 | 0 | 3 | 0 | 6 | **3,8** |
| Rangárþing eystra | 5 | 0 | 8 | 0 | 5 | **3,6** |
| Hrunamannahreppur | 6 | 0 | 2 | 0 | 2 | **2,0** |
| Bláskógabyggð | 10 | | | | | **2,0** |
| **Meðalvægi[4]** | **7,2** | **3,4** | **5,7** | **3,5** | **5,6** | **5,1** |
| **Fjöldi sveitarfélaga** | **27** | **5** | **20** | **2** | **20** | |

[4] Gildi allra svara um hvert atriði voru lögð saman og deilt í með fjölda þeirra sveitarfélaga sem merktu við atriðið (með tölugildi frá 0–10).

Könnunin sýnir að alls glímdu 27 sveitarfélög við rekstarvanda um síðustu áramót, samanborið við 32 sveitarfélög við lok ársins 2015, 26 sveitarfélög við lok ársins 2014, 25 við lok ársins 2013 og 27 við árslok 2012. Sveitarfélögum sem tilgreina rekstrarvanda hefur því fækkað frá fyrra ári og fjöldi þeirra nú nær sá sami og 2012, 2013 og 2014. Athygli vekur að ekkert sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins tilgreindi rekstrarvanda á árinu; 2015 var það aðeins Seltjarnarnesbær sem slíkt gerði og aðeins Hafnarfjörður árið 2014.

Sem fyrr var algengast að leigutekjur stæðu ekki undir rekstri. Þetta var nefnt af öllum nema einu af þeim 27 sveitarfélögum sem hér koma við sögu og meðalvægi skýringargildis þessa atriðis var 7,2 þar sem 10 var hámarkið og er því sá þáttur sem langþyngst vegur þegar rekstrarvandi tengdur leiguíbúðarekstri sveitarfélaganna er skoðaður. Þetta er lítilsháttar hækkun frá 2015, þá var þetta gildi 7,1. Að þessu sinni gáfu 10 sveitarfélög hæsta mögulega gildið, þ.e. 10. Um er að ræða fjölgun frá 2015, þá gáfu sjö sveitarfélög þessu atriði gildið 10. Árið 2014 gáfu aðeins þrjú sveitarfélög þetta hátt gildi. Tvö sveitarfélög á Suðurnesjum gáfu þessu atriði gildið 10 í þessarri könnun, tvö sveitarfélög á Suðurlandi og þrjú á Vestfjörðum.

Alls tilgreindu 20 sveitarfélög of miklar skuldir sem rekstrarvanda og tvö þeirra, Ísafjarðarbær og Djúpavogshreppur, töldu þetta atriði vega mjög þungt (gildi 10). Þetta atriði var nefnt af 24 sveitarfélögum fyrir árið 2015 og fjögur, Reykjanesbær, Ísafjarðarbær, Breiðdalshreppur og Djúpavoghreppur, gáfu atriðinu þá gildið 10.

Þá töldu 20 sveitarfélög vandkvæði með viðhald valda rekstrarvanda. Tvö sveitarfélög, Snæfellsbær og Breiðdalshreppur, gáfu þessu atriði þyngsta mögulega vægi, eða 10. Viðhaldsmálin vógu einnig þungt (gildi 8 eða 9) hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd, Norðurþingi, Seyðisfjarðarkaupstað og Sveitarfélaginu Hornafirði.

Loks nefndu fimm sveitarfélög þann rekstrarvanda að íbúðir stæðu auðar (átta árið 2015). Aðeins tvö sveitarfélög nefndu rekstrarvanda vegna offramboðs íbúða (eitt árið 2015).

Í síðasta dálki töflu 6 má sjá meðaltal samanlagðra gilda hvers sveitarfélags hvað snertir alla þá fimm þætti rekstrarvanda sem spurt var um. Uppsafnaður rekstrarvandi náði samkvæmt þessum tölum meðalgildi yfir 5 hjá þremur sveitarfélögum, Sveitarfélaginu Skagafirði, Sveitarfélaginu Skagaströnd og Norðurþingi.

## Staðan á leigumarkaðnum

Í 22. spurningu í könnuninni var grenslast fyrir um stöðuna á leigumarkaðnum í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Spurt var hvort á markaðnum ríkti jafnvægi, skortur eða nokkur skortur væri á leiguíbúðum eða hvort fyrir lægi offramboð eða nokkurt offramboð.

| Tafla 7<br>Staðan á leigumarkaði í sveitarfélaginu | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Það er skortur á félagslegu húsnæði** | **Það er nokkur skortur á félagslegu húsnæði** | **Markaðurinn er í jafnvægi** | **Nokkurt offramboð er á félagslegu húsnæði** | **Offramboð er á félagslegu húsnæði** |
| Reykjavíkurborg | Seltjarnarneskaupstaður | Snæfellsbær | Fjallabyggð | Djúpavogshreppur |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | Garðabær | Dalabyggð | Norðurþing | |
| Reykjanesbær | Grindavíkurbær | Reykhólahreppur | Seyðisfjarðarkaupstaður | |
| Sandgerðisbær | Akraneskaupstaður | Strandabyggð | | |
| Sveitarfélagið Garður | Borgarbyggð | Sveitarfélagið Skagafjörður | | |
| Súðavíkurhreppur | Grundarfjarðarbær | Blönduósbær | | |
| Húnaþing vestra | Stykkishólmsbær | Sveitarfélagið Skagaströnd | | |
| Dalvíkurbyggð | Ísafjarðarbær | Eyjafjarðarsveit | | |
| Sveitarfélagið Hornafjörður | Vesturbyggð | Fjarðabyggð | | |
| Mýrdalshreppur | Akureyrarkaupstaður | Vopnafjarðarhreppur | | |
| Bláskógabyggð | Svalbarðsstrandarhreppur | Fljótsdalshreppur | | |
| | Grýtubakkahreppur | Vestmannaeyjabær | | |
| | Skútustaðahreppur | Rangárþing eystra | | |
| | Borgarfjarðarhreppur | | | |
| | Fljótsdalshérað | | | |
| | Sveitarfélagið Árborg | | | |
| | Hrunamannahreppur | | | |
| | Hveragerðisbær | | | |
| | Skeiða- og Gnúpverjahreppur | | | |
| **11 sveitarfélög** | **19 sveitarfélög** | **13 sveitarfélög** | **3 sveitarfélög** | **1 sveitarfélag** |

Fram kemur í svörum við þessarri spurningu að 30 sveitarfélög töldu sig búa við skort eða nokkurn skort á leiguíbúðum (flest, eða 19, nefndu nokkurn skort). Þá töldu 13 sveitarfélög leigumarkaðinn vera í jafnvægi, þrjú nefndu nokkurt offramboð og eitt offramboð (þ.e. ekki einungis „nokkurt offramboð“). Veruleg fjölgun er frá fyrra ári meðal þeirra sveitarfélaga sem nefna skort á félagslegu húsnæði, þ.e. úr sex í 11. Aftur á móti fækkar verulega þeim sveitarfélögum sem telja sig búa við jafnvægi á markaði, eða úr 23 í 13.

## Fjöldi umsókna um félagslegt leiguhúsnæði, biðlistar og biðtími

